

Formleg kvörtun vegna rangrar boðunar á varamanni í bæjarstjórn og bæjarráð.

Í júní 2016 þurfti aðalmaður M-lista í bæjarstjórn og áheyrnarfulltrúi í bæjarráði að boða varamann í sinn stað, viðkomandi fylgdi ekki sveitarstjórnalögum og ákvað að ganga framhjá fyrsta varamanni og boða næsta í röðinni, slíkt er ekki leyfilegt samkvæmt lögum um sveitastjórnir nr.138/2011.

Í 21.grein segir:

Þegar kosið hefur verið til sveitarstjórnar hlutbundinni listakosningu, eða listi hefur verið sjálfkjörinn, taka varamenn af lista aðalfulltrúa sæti í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir voru kosnir.

Á eftirfarandi fundum var ekki rétt staðið að boðun varamanns;

Bæjarstjórn 2. júní 2016

Bæjarráð 24. júní 2016

Bæjarráð 28. júní 2016

Með kvörtun þessari vil ég vekja athygli á því að fólki er misvel treystandi til að standa rétt að boðun varamanna. Bæjarstjórn þarf því jafnvel að endurskoða með hvaða hætti varamenn eru boðaðir í ljósi þess að bæjarfulltrúi M-listans fer vísitandi á svig við lög eins og honum þóknast hverju sinni. Það getur ekki talist eðlilegt að aðalmaður í bæjarstjórn og bæjarráði boði varamenn eftir geðþóttarákvörðun í stað þess að fylgja lögum.

Ingvar Arnarson, varabæjarfulltrúi